

Ed.

1046. Nefndarálit

[67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Sambands eggjaframleiðenda.

Þessir aðilar leggja til að málið verði tekið til umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem nú á sér stað á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, en Samband veitinga- og gistihúsa, Samband bakameistara og Neytendasamtökin mæla með samþykkt frumvarpsins.

Augljóst er að sjónarmið umsagnaraðila eru mjög ólík. Með vísan til þess að nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og í trausti þess að þar verði leitast við að ná fram breytingum sem samkomulag er um á milli hagsmunaaðila leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 18. maí 1984.

Egill Jónsson,
form., frsm.
Helgi Seljan.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Kolbrún Jónsdóttir.